

Orðanefnd læknafélaganna - 101

Fundur var haldinn mánudaginn 15. maí 2023 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 101. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir hafði boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 100. fundar (17. apríl 2023), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðalistar:

- Ventriculogram og -graphy, syncope, prodromal og nerve-sparing surgery.** Farið var yfir stutta lista með þessum íðorðum og endanlega frá þeim gengið til birtingar. JHJ falið að annast fráganginn.
- Inflammatory-:** Færslur með þessu enska heiti voru yfirfarnar og nokkrar breytingar gerðar. Tilefnið var umræða á 99. fundi um svonefnd NSAID-lyf, **nonsteroidal anti-inflammatory drugs** (bólgyeyðandi og barksteralaus verkjalyf. Gerðar voru smávægilegar breytingar. Til viðbótar hafði verið búin til ný færsla með enska heitinu **cyclooxygenase (COX)** og ákveðið var að nota það heiti með íslenskri stafsetningu (sýklóoxýgenasi).
- Catarrh:** Lausleg umræða varð einnig um 11 færslur með grísk-latnesk-enska orðinu **catarrh** (slímrennsli) í ýmsum samsetningum og ákveðið var að orðið væri að mestu óþarft í nútíma lækisfræðiheimum.

3. Orðanefndarvinnan: Rætt var um færslur í Íðorðasafni sem tengjast röntgenrannsóknnum og starfsemi á röntgendeildum, sennilega um 200 talsins. Við úrvinnslu vegna aðkominnar fyrirspurnar hafði komið í ljós að ástæða væri til að gera endurskoðun og samræmingu á þessum færslum. JHJ hafði því haft samband við yfirlækni á Röntgendeild Landspítala og fengið vilyrði um samstarf að slíku verkefni. Nefndarmönnum leist vel á verkefnið og var JHJ falið að taka saman orðalista til úrvinnslu og að kanna málið frekar.

4. Önnur mál: Rætt var um svonefnd **nafnheiti** (eponym) sem lengi hafa verið áberandi í lækisfræði. Þetta eru heiti á margvíslegum lækisfræðilegum fyrirbærum, svo sem sjúkdómum (Addisons disease), heilkennum (Downs syndrome), fyrirbærum (Doppler phenomenon), einkennum (Epstein symptom) o.m.fl., þar sem nafn tiltekins einstaklings er gjarnan notað til að heiðra þann sem fyrstur lýsti fyrirbærinu. Vinsældir margra af þessum heitum fara dvínandi því að hvert þeirra er ekki upplýsandi án nánari tilvísunar í sjálft fyrirbærið sem að baki liggur. Þá er það einnig oft álitamál hvort aðlaga eigi nafn hvers einstaklings að íslenskum rithætti eða ekki. Ekki var tekin nein ákvörðun, en nefndarmenn fengu greinargott lesefni til nánari skoðunar á hugmyndum um meðferð íslensku heitanna.

Næsti fundur. Vegna fyrirhugaðs flutnings á starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar á Laugavegi 13 í hið nýja hús, Eddu við Arngrímsgötu er óvíst hvenær af næsta fundi getur orðið. Hugsanlega mun nefndin því hefja árlegt sumarfrí sitt snemma, eða strax í júní n.k.

Fundi var slitið um um kl. 18. Fundargerð ritaði JHJ.